

að greiða í landssjóð fyrir ósæmilegan rithátt, einnig greiði sömu sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs samkvæmt tilskipun 23. desbr. 1735, 2. gr. Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum, er virðist hæfilega metinn 25 krónur.

Þvi dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, og ber hinum stefnda, Sigfúsi Pjeturssyni, enn fremur að greiða 3 krónur í hlutaðeigandi fátækra sjóð. Áfrýjandinn, Ólafur Sigurðsson, greiði hinum stefnda 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maímán.

Nr. 5/1883

Kristján Ó. Þorgrímsson bóksali
gegn

Aðjunkt Birni Magnússyni Ólsen

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af þáverandi ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Þjóðólfs, Kristjáni Ó. Þorgrímssyni, gegn Birni Magnússyni Ólsen, aðjunct við Reykjavíkur skóla, út af því, að hinn fyrr nefndi áleit sig vera meiddan með ýmsum orðum og ummælum, sem hinn síðar nefndi hafði við haft í grein, er kom út í blaðinu Þjóðólfi 30. apríl f. á., en sú grein var svar uppá aðra grein, er staðið

hafði í næsta tölublaði af Þjóðólfi á undan, og sem orðið „áheyrandi“ stóð undir. Í málinu var kveðinn upp dómur fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 17. ágúst f. á. með þeim úrslitum, að Björn Ólsen var sýknaður af kærnum og kröfum Kristjáns Þorgrímssonar, en hinn síðar nefndi dæmdur til að greiða hinum fyrir nefnda 15 krónur í málskostnað. Þessum dómi hefur Kristján Þorgrímsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 10. febrúar þ. á., og krafizt, að hinn stefndi, Björn Ólsen, verði dæmdur fyrir meiðyrði í hæfilega sekt, að meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, og að hinn stefndi verði dæmdur í hæfilegan málskostnað fyrir báðum rjettum, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að verða sýknaður af öllum kærnum og kröfum áfrýjandans, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum rjettum.

Áfrýjandinn kannast að vísu við, að öll þau orð og ummæli í áður nefndri grein hins stefnda, sem hann álitur meiðandi fyrir sig, sjeu stíluð til „áheyranda“ eða hins ónafngreinda höfundar að grein þeirri, sem hinn stefndi var að svara með sinni grein; en hann heldur því fram, að grein „áheyranda“ sje ritstjórnargrein, og með því að hann (áfrýjandi) beri alla ábyrgð af henni, þá sjeu öll þau meiðandi ummæli, sem höfð sjeu um „áheyranda“ meiðandi fyrir sig. Hins vegar hefur áfrýjandinn ekki staðhæft, að hann í raun og veru sje höfundur að opt nefndri grein. Hinn stefndi hefur aptur á móti þverlega synjað fyrir, að hann með ummælum sínum um „áheyranda“ og grein

hans hafi misboðið nje viljað misbjóða æru áfrýjandans, hvorki sem manns nje sem ritstjóra, því hvorki hafi sjer komið til hugar, að hann væri hinn ónafngreindi höfundur opt nefndrar greinar, nje heldur verði grein þessi eptir almennri blaðavenju skoðuð sem ritstjórnargrein, því að það eigi að eins við um þær blaðagreinir, sem annaðhvort eru alveg nafnlausar, eða sem nafn ritstjórans eða ritstjórnarinnar stendur undir. Yfirdómurinn verður einnig að aðhyllast þá skoðun, að ummæli þau, sem áfrýjandinn átelur, ekki sjeu meiðandi fyrir hann, með því að þau hvorki koma fram sem meint til hans, nje heldur neitt í grein hins stefnda bendir til, að þau í raun og veru sjeu meint til hans, hvorki sem manns nje sem ritstjóra. Þvert á móti ber grein hins stefnda ljóslega með sjer, að öll þau ummæli, sem áfrýjandi átelur sem meiðandi fyrir sig, eingöngu eru stíluð til hins ónafngreinda ókunna greinarhöfundar, sem kallar sig „áheyrandi“ og sem engar líkur voru til að væri sami maðurinn sem þáverandi ritstjóri Þjóðólfs, enda er það röng ályktun af áfrýjanda, að þó að hann sem ábyrgðarmaður og ritstjóri blaðs eptir fyrirmælum prentfrelsislaganna eigi að bera lagalega ábyrgð af greinum eptir ónafngreinda höfunda í blaði sínu, að hann þar fyrir eigi að lögum að skoðast sem höfundur slikra greina.

Með því að áfrýjandinn þannig ekki getur komið fram ábyrgð á hendur hinum stefnda út af ummælum þeim, sem hinn stefndi hefur viðhaft um hinn ónafngreinda greinarhöfund í Þjóðólfi, er kallar sig „áheyranda“, verður yfirdómurinn að komast

að sömu niðurstöðu og undirdómarinn, að hinn stefndi eigi að vera sýkn af öllum kærnum og kröfum áfrýjandans í máli þessu, og er þá ekki þörf á að rannsaka, hvort hin átöldu ummæli eru sönn eða ekki; ber því að staðfesta undirrettardóminn bæði að aðalefninu til og að því er snertir málskostnað í hjerði, eins og áfrýjandanum þá einnig ber að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur bæjarþingsrjettarins á óraskaður að standa. Áfrýjandinn, Kristján bóksali Þorgrímsson, greiði hinum stefnda, Birni adjunct Ólsen, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr 6/1883

Kr. Ó. Þorgrímsson
gegn
Birni M. Ólsen.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reyjavíkur kaupstaðar 17. ágústmán. f. á., var áfrýjanda þessa máls, Kr. Ó. Þorgrímsson, fyrir prentuð ærumeiðandi ummæli um hinn stefnda, Björn Magnússon Ólsen, dæmdur til að lúka 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til að sæta einföldu fangelsi í 15 daga, ef sektin ekki yrði greidd í ákveðinn tíma.